

Arfleiddsluskrá.

Jeg undirskrifuð Herdis Benedictsen, til heimilis í Reykjavík, lýsi því hjermeð yfir og fastákveð, sem minn síðasta vilja, að fjármunum þeim, sem jeg læt eftir mig skuldlausar, skal verja á þann hátt, er nú skal greina:

1.—2. (Rádstafanir, er snerta einstaka menn).

3. Að lokum ákveð jeg Herdis Benedictsen, sem minn síðasta vilja, að þegar útfararkostnaður minn hefir verið heiðarlega greiddur ásamt kostnaði þeim, er skiftin eftir mig hafa í för með sjer, og þegar framanskrifuðu hefir verið nákvæmlega fullnægt, þá skulu allar þær eignir, sem eftir mig verða skuldlausar, eður þrír fjórðu partar allra skuldlausra eigna minna, aðeins með þeim takmörkunum, sem jeg hefi ákveðið í 2. lið, ganga til stofnunar kvennaskóla á Vesturlandi, og er sú ráðstöfun gjörð bæði af einlægum vilja mínum og samkvæmt þeirri ósk, sem einkadóttir mín elskuleg, Ingileif Sólborg Charlotta Benedictsen, ljét fleirum sinnum í ljósi við mig sem sinn hjartans vilja.

4. Þessi gjöf mín til kvennaskólastofnunar á Vesturlandi óska jeg að beri nafn okkar mæðgna og heiti »Minning Herðisar og Ingileifar Benedictsen«. Gjöfin skal vera undir stjórn og umsjón landshöfðingjans yfir Íslandi, og er það vilji minn, að henni verði komið í konungleg ríkisskuldabryf og renturnar lagðar upp í 10 ár og þeim bætt við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða, heldur aðeins verja vöxtum hans til áminstrar skólastofnunar. Að umgetnum 10 árum liðnum skal enn leggja upp renturnar af öllum höfuðstólum, eins og hann þá er orðinn, þangað til svo mikið fje er fyrir hendi, að landshöfðinginn eftir samráði við amtsráðið í Vesturamtinu álitur það nægilegt til þess að setja kvennaskólann á stofn, svo að hann geti tekið til starfa, án þess að höfuðstóllinn sje skertur.

5. Það er ósk mín, að fyrirkomulag hins fyrirhugaða kvennaskóla verði sem líkast kvennaskólanum í Ytri-Ey eins og hann nú er, og að hann verði settur í einhverri af sýslunum kringum Breiðafjörð, eða verði því ekki við komið, þá í Ísafjarðarsýslu, og verði því heldur ekki við komið, þá hvar sem hentast þætti í Vesturamtinu. Allar þær rádstafanir, sem lúta að því að koma skólanum á fót og ákveða fyrirkomulag hans, skulu gjörðar af landshöfðingjanum í samráði við amtsráð Vesturamtsins, og skal skólinn, þegar hann er stofnsettur, ásamt höfuðstól hans og árstekjum, sömuleiðis vera undir stjórn landshöfðingjans í samráði við amtsráð Vesturamtsins.

Til staðfestu er mitt eiginhandar nafn undirskrifað í viðurvist notarii publici.

Reykjavík, 15. janúar 1890.

Herdis Benedictsen.

(Not. vottorð).

Viðauka - ákvæði.

110

Í sambandi við ráðstafanir þær, sem jeg undirskrifuð hefi gjört í framanskrifaðri arfleðsluskrá, ákveð jeg, að mynd sú af dóttur minni Ingileif Benedictsens, sem steinhöggvari J. Schau hefir teiknað — en á henni stendur »Ingileif Benedictsens« undir miðri myndinni, til vinstri handar nafn teiknarans og til hægri handar ártalið 1893, alt með gyltum stöfum — skuli eftir minn dag verða eign kvennaskólastofnunar þeirrar, sem ræðir um í 3.—5. lið arfleðsluskrárinnar, og, þegar skólinn er kominn á stofn, hengjast upp og hanga framvegis í einhverri af kenslustofum hans. Það er ósk mín, að landshöfðinginn yfir Íslandi annist um framkvæmd á framanskrifaðri ráðstöfun minni og sjái um geymslu myndarinnar, þangað til hinn fyrirhugaði skóli er kominn á stofn.

Til staðfestu er mitt eiginhandar nafn undirskrifað í viðurvist notarii publici.

Reykjavík, 20. apríl 1893.

Herdís Benedictsens.

(Not vottorð).

Viðauka - ákvæði.

Í sambandi við ráðstafanir þær, sem jeg undirskrifuð hefi gjört í framanskrifaðri arfleðsluskrá, ákveð jeg, að myndir þær af okkur hjónunum, sem steinhöggvari J. Schau hefir teiknað — og sem nafn okkar er ritað fyrir neðan, undir miðri mynd hvors okkar, og til vinstri handar nafn teiknarans og til hægri handar ártalið, alt með gyltum stöfum — skuli eftir minn dag verða eign kvennaskólastofnunar þeirrar, sem ræðir um í 3.—5. lið arfleðsluskrárinnar, og þegar skólinn er kominn á stofn, hengjast upp og hanga framvegis í einhverri af kenslustofum hans, þar sem mynd Ingileifar dóttur minnar er, eftir því sem best þykir við eiga. En frá því þær eru teknar ofan úr mínu húsi, skal fá mann, sem best getur búið um þær, að þær ekki skemmist á neinn hátt, þangað til má hengja þær upp, þar sem þær eiga að vera.

Það er ósk mín, að landshöfðinginn yfir Íslandi annist um framkvæmd á framanskrifaðri ráðstöfun minni, og sjái um geymslu myndanna, þangað til hinn fyrirhugaði skóli er kominn á fót.

Til staðfestu mitt eiginhandarnafn undirskrifað í viðurvist notarii publici.

Reykjavík, 16. janúar 1896.

Herdís Benedictsens.

(Not. vottorð).